

sem varð tilefni frelsissviptingar stefnanda, og verður því aðalkrafa stefndu um sýknu tekin til greina.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ríkissjóð til að greiða málssóknarkostnað stefnanda, þar með talin laun lögmanns stefnanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 130.000.

Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, ríkissaksóknari og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Erlings Magnússonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Málssóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun lögmanns stefnanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 130.000.

Mánudaginn 25. apríl 1983.

Nr. 189/1979. **Hákon M. Magnússon**

(Jóhann Þórðarson hdl.)

gegn

**fjármálaráðherra og ríkissaksóknara
f. h. ríkissjóðs og**

gagnsök

(Gunnlaugur Claessen hrl.).

Gæsluvarðhald. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Magnús Thoroddsen og Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason, settir hæstaréttardómarar.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1980.

Dómkröfur aðaláfrýjanda eru þær, að gagnáfrýjandi verði

dæmdur til að greiða honum kr. 63.063.00 með 16% ársvöxtum frá 8. desember 1978 til 21. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 2. mars 1983, en síðan með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Gagnáfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. október 1980.

Dómkröfur eru þær aðallega, að hann verði sýknaður og aðaláfrýjanda gert að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð og málskostnaður látinn falla niður.

Málsatvik eru rakin í hinum áfrýjaða dómi.

Þótt framburður aðaláfrýjanda um ferðir sínar og gerðir aðfaranótt 29. október 1978 hafi verið reikull og ruglingslegur, verður allt að einu ekki talið, að hann hafi með vísitandi ósannindum eða stórvægilega gáleysislegu ólögmætu framferði í skilningi 1. mgr. 1. töluliðar 150. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála valdið þeim aðgerðum, er hann reisir kröfur sínar á.

Aðaláfrýjandi á því rétt á bótum vegna gæsluvarðhalds að ósekju, enda má fremur telja hann líklegan til að vera sýknan en sekan af háttsemi þeirri, er leiddi til gæsluvarðhaldsins, sbr. 1. mgr. 2. töluliðar 150. gr. laga nr. 74/1974.

Eigi telst sannað, að aðaláfrýjandi hafi orðið fyrir heilsutjóni sökum gæsluvarðhaldsins. Þá er og á það að líta, að krafa hans um fjárhagslegt tjón er svo vanreifuð, að eigi er unnt í máli þessu að bæta honum annað fjárhagslegt tjón en atvinnutap, meðan hann sat í gæsluvarðhaldi.

Þegar litið er til hinna alvarlegu sakargifta svo og til lengdar gæsluvarðhaldsins og annarra atvika málsins, þykja bætur til aðaláfrýjanda fyrir fjártjón og miska hæfilega ákveðnar samtals 20.000.00 krónur.

Ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, svo sem segir í dómsorði.

Samkvæmt 3. tölulið 154. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda allan málskostnað, þar með talin laun talsmanns hans í héraði og fyrir Hæstarétti, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, samtals 15.000.00 krónur.

Það er aðfinnsluvert, að ekki verður með vissu ráðið af bókunum héraðsdómarans, Guðmundar Sigurjónssonar fulltrúa, í sakadómsbók hinn 29. nóvember 1978, hvaða rannsóknargögn hann hafði undir höndum frá rannsóknarlögreglu ríkisins, er hann kvað upp gæsluvarðhaldsúrskurðinn yfir aðaláfrýjanda 29. nóvember 1978.

D ó m s o r ð:

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra og ríkissaksóknari f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Hákonni M. Magnússyni, 20.000.00 krónur með 16% ársvöxtum frá 8. desember 1978 til 21. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 14. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms Hæstaréttar og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Gagnáfrýjandi greiði allan kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin laun talsmanns aðaláfrýjanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, samtals 15.000.00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

**Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara og
Gauks Jörundssonar, setts hæstaréttardómara.**

Af hálfu aðaláfrýjanda hefur ekki verið sett fram sérstök rökstudd krafa um bætur vegna atvinnutjóns eða annars fjártjóns, og gögn skortir um slíkt tjón. Verður það því ekki bætt.

Við teljum miskabætur til áfrýjanda hæfilega ákveðnar 30.000.00

krónur. Í þeirri fjárhæð hefur verið tekið tillit til vaxta frá gæsluvarðhaldstíma. Teljum við því, að dæma ætti gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda þessa fjárhæð með hæstu innlánsvöxtum frá uppsögu dóms Hæstaréttar til greiðsludags, eins og vextir þessir eru á hverjum tíma.

Að öðru leyti erum við sammála rökstuðningi og niðurstöðum meiri hluta dómenda.

Dómur bærjþings Reykjavíkur 16. júlí 1980.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. júlí sl., höfðaði Jóhann Þórðarson hér- aðsdómslögmaður, Laugavegi 18, Reykjavík, f. h. Hákonar Magnúsar Magnússonar, Laugateigi 39, Reykjavík, fyrir bærjþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 13. des. 1979, gegn Sighvati Björgvinssyni fjármálaráð- herra, Kriuhólmum 2, Reykjavík, f. h. rikissjóðs til greiðslu á skaðabótum að fjárhæð kr. 6.306.300 með 16% ársvöxtum frá 8. des. 1978 til 21. febr. 1979, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. sept. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. des., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags eða hæstu innláns- vöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir eru á hverjum tíma, til greiðslu- dags, svo og málskostnaði skv. gjaldskrá LMFI, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Enn fremur er málið höfðað gegn Þórði Björnssyni rikissaksóknara f. h. rikisvaldsins til þess að gæta réttar þess í málinu.

Við munnlegan málflutning voru dómkröfur stefnanda óbreyttar frá því, sem greinir í stefnu, að öðru leyti en því, að frá 14. júní 1979 var krafist 34.5% ársvaxta til 1. sept. 1979, 39.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. des. 1979, 43.5% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980 og 46% ársvaxta frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með hæstu leyfilegum dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Af hálfu stefndu eru þær dómkröfur gerðar, að stefndu verði algerlega sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins. Til vara er þess krafist, að stefnukrafa verði lækkuð til mikilla muna og málskostnaður látinn falla niður.

Við dómstöku málsins var því lýst yfir af lögmanni stefndu, að eins og greinargerð stefndu bæri með sér, væri krafist sýknu af hálfu beggja stefndu, enda hafi rikissaksóknari farið með fyrirvar i málinu. Jafnframt var því lýst yfir, að rannsókn máls þessa, sem varð tilefni frelsissviptingar stefn- anda, væri lokið.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

Málavextir eru þeir, að sunnudaginn 29. okt. 1978 hófst hjá rannsóknar-lögreglu ríkisins rannsókn vegna kæru dauðdumbrar konu, S, sem kærði nauðgun, er hún taldi, að hefði átt sér stað að loknum dansleik í Glæsibæ nóttina næstu á undan. Í rannsóknargögnum á dskj. 10 kemur fram, að konan mundi lítið, hvað skeð hafði um nóttina, og taldi hún jafnvel, að sér hefði verið nauðgað tvívegis þessa nótt, fyrst af tveimur mönnum og síðar einum.

Við lækni skoðun á slysadeild Borgarspítalans 29. okt. 1978 komu í ljós töluverðir áverkar á S, m.a. mar á andliti, brjóstkassa, ganglimum, rasskinn og handleggjum.

Samkvæmt framlögðum rannsóknargögnum hefur rannsókn málsins verið mjög umfangsmikil. Hinn 3. nóvember 1978 viðurkenndi 28 ára gamall maður, K, að hafa aðfaranótt 29. okt. 1978 tekið mikið drukkna mállausa konu upp í bifreið sína og haft þar við hana samfarir án þess þó að beita hana líkamlegu ofbeldi, en notað sér ölvunarástand konunnar. Með dómi sakadóms Reykjavíkur, uppkveðnum 26. mars 1980, var K sýknaður af því að hafa valdið S áverkum, en dæmdur vegna brots á 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eins og áður greinir, voru töluverðir áverkar á konunni S, er hún bar fram kæru sína hjá lögreglu, og taldi hún sig hafa orðið fyrir barsmíðum undir beru lofti. Maðurinn K neitaði því alla tíð að hafa beitt konuna S ofbeldi. Var rannsókn málsins því haldið áfram eftir játningu K og fjöldi manns yfirheyrdur, þar á meðal fólk, sem verið hafði í veitingahúsinu Glæsibæ aðfaranótt 29. okt. 1978.

Hinn 28. nóvember 1978 var stefnandi handtekinn í Bolungarvík, þar sem hann var við vinnu sem byggingameistari hjá Jóni Fr. Einarssyni. Stefnandi var fluttur til Ísafjarðar til yfirheyrslu. Í sakadómi Ísafjarðar var stefnandi úrskurðaður í tíu daga gæsluvarðhald 29. nóv. 1978. Forsendur úrskurðarins voru þær, að sterkar líkur hefðu komið fram um það, að stefnandi hefði átt þátt í nauðgunar- og líkamsmeiðingarbrotum gegn S aðfaranótt 29. október 1978, hann orðið margsaga um ferðir sínar þessa nótt og ekki hefði verið unnt að hafa upp á vitnum, sem gætu sannreynt atriði í framburði hans.

29. nóvember 1978 var stefnandi fluttur með flugvél, sem var í almennu farþegaflugi milli Ísafjarðar og Reykjavíkur, undir eftirliti lögreglu, og er til Reykjavíkur var komið, var hann látinn í fangageymsluna við Síðumúla hér í borg og geymdur þar til 8. des. s. á.

Eftir því, sem fram kemur í rannsóknargögnum á dskj. 10, virðist stefnandi hafa vanið komur sínar um helgar í veitingahúsið Glæsibæ. Framburður stefnanda um atferli sitt aðfaranótt 29. okt. 1978 var mjög á reiki, og

virðist hann rugla saman ýmsum kvöldum, sem hann hefur dvalið í veitingahúsinu Glæsibæ. Hinn 28. nóv. 1978 bar stefnandi, að hann hafi farið með bróður sínum Erlingi í Glæsibæ. Þeir hafi síðan farið saman með konunni R um kl. 0200 heim til stefnanda og staldrað þar við skamma stund og síðan farið heim til R og verið þar til um kl. 1000 á sunnudagsmorgun. Þangað hafi konan Á komið um nóttina. Hann kvaðst hafa hitt konuna S inni í veitingahúsinu, en ekkert talað við hana. Hann kvaðst kannast við S og nokkrum sinnum hafa gefið henni í glas, en ekki í þetta sinn.

Sama dag bar bróðir stefnanda, Erlingur, að langt væri síðan að hann hafi komið í Glæsibæ með bróður sínum, stefnanda, ef frá sé talið sl. laugardagskvöld, en þá hafi þeir farið þangað saman. Þeir hafi farið saman úr Glæsibæ með konunni R og Barða Helgasyni að Grensásvegi 60 og um nóttina hafi komið þangað konan Á.

Síðar sama dag leiðrétti stefnandi fyrri framburð og kvað hann eiga við 25. nóv., en 28. okt. hafi hann farið í Glæsibæ með Lúðvík, bróður sínum, og hitt konuna S. Þeir bræður og konan H hafi farið saman úr Glæsibæ, skömmu eftir að dansleik lauk, og farið heim til stefnanda og komið þangað milli kl. 0230 og 0300. Lúðvík hafi farið þaðan á milli kl. 0400 og 0500. Hákon hafi leyft H að sofa, en sjálfur hafi hann farið heim til R. Stefnandi hafi farið í fatageymsluna með Lúðvík og H og hafi stefnandi síðast séð konuna S, um það bil er dansleik var að ljúka, og hafi hún þá staðið við innri barinn og verið að tala við einhvern mann.

Hinn 28. nóv. 1978 bar konan R um laugardagskvöldið þar á undan mjög á sama veg og bróðir stefnanda, Erlingur. Laugardaginn 28. okt. kvaðst R ekki hafa farið á dansleik. Stefnandi hafi hringt til hennar milli kl. 0200 og 0300 um nóttina, og hélt hún, að stefnandi hafi þá verið heima hjá sér og Lúðvík, bróðir hans, með honum. Stefnandi hafi komið til R um nóttina og gæti það hafa verið um kl. 0500. Hann hafi farið frá henni á milli kl. 1000 og 1130 á sunnudagsmorgni.

Sama dag bar bróðir stefnanda, Lúðvík, að hann hafi farið í Glæsibæ með stefnanda 28. okt. Lúðvík kvaðst hafa hitt konuna S og reynt að tala við hana. Hann hafi farið, rétt áður en dansleiknum lauk, og tekið leigubíl heim til stefnanda og hafi stefnandi þá verið kominn heim. Rétt á eftir hafi komið stúlka til þeirra, þegar Lúðvík fór, var stúlkan eftir.

Síðar sama dag bar stefnandi, að hann, H og Lúðvík hafi farið þrjú saman í leigubífrið heim til stefnanda.

29. nóv. kvaðst stefnandi halda, að hann væri að rugla saman kvöldum í Glæsibæ. Það hafi verið á sunnudagskvöldi sem hann var í Glæsibæ með H. Hann taldi, að með honum hafi verið konan F á laugardagskvöldinu og hann hitt Lúvík, bróður sinn, í Glæsibæ. Stefnandi hafi hitt konuna

S á laugardagskvöldinu og hafi hann og Lúðvík sest hjá henni. Stefnandi hafi gefið S í glas. Annar þeirra bræðra hafi setið við hlið stúlkunnar, en hinn beint á móti. Stefnandi hafi farið með F og annarri stúlku út úr húsinu og þau tekið leigubíl heim til stefnanda. Stefnandi vissi ekki, hvert Lúðvík fór, eftir að dansleik lauk, en síðast hafi stefnandi séð mállausu stúlkuna, þar sem hún sat á bekknum, þar sem stefnandi og Lúðvík höfðu setið hjá henni.

Síðar í sama réttarhaldi sagðist stefnandi hafa hitt mállausu stúlkuna fyrir utan Glæsibæ, eftir að dansleik lauk. Stúlkan hafi staðið á planinu og eitthvað af fólki hafi verið nálægt henni. Stefnandi og Lúðvík, bróðir hans, hafi verið að tala við stúlkuna, og mundi stefnandi ekki, hvernig það atvikaðist eða hvernig þeirra samskiptum lauk.

En seinna sagðist stefnandi lítið muna, hvað hafi gerst fyrir utan húsið, er hann og Lúðvík hittu mállausu stúlkuna. Þau hafi staðið þrjú á planinu og verið að rabba samn og vel geti verið, að þeir hafi verið að biðja stúlkuna að koma með þeim heim, en stefnandi kvaðst ekki muna það atriði vel. Hann mundi ekkert, hvað þeim hafi farið á milli. Hann mundi ekki, hvar eða hvenær hann hafi orðið viðskila við stúlkuna. Stefnandi sagðist hafa tekið undir handlegg stúlkunnar og Lúðvík hafi tekið undir hinn handlegg hennar. Þeir hafi aðeins ætlað að aka henni heim og ekki gert henni nokkurt mein. Stefnandi hafi farið heim einsamall, en hann kvaðst ekki muna, hvort Lúðvík eða eitthvað fleira fólk hafi komið þangað um nóttina.

Á dskj. 10, skjali 17, bls. 22, er yfirlýsing frá stefnanda, sem hann afhenti sakadómi Ísafjarðar 29. nóv. 1978. Í yfirlýsingu þessari segist stefnandi hafa hitt H laugardaginn 28. nóv. umrædda (sic) (þetta mun eiga að vera 28. okt.) í Glæsibæ og hafi hún komið með sér heim ásamt Lúðvík, bróður stefnanda, þetta sama kvöld. Stefnandi hafi farið með H heim að Ferjubakka á sunnudag. Þetta sé rétt, hvað sem hann hafi áður sagt.

Á dskj. 10, skjali 17, bls. 23—25, er skýrsla stefnanda, afhent rannsóknar-lögreglu 30. nóv. 1978. Í skýrslu þessari segist stefnandi hafa farið með bróður sínum Lúðvík í Glæsibæ og hitt þar bræður sína, Ingimund og Erling, en þeir hafi þá verið að fara þaðan. Um kvöldið hafi stefnandi hitt H ásamt fleira fólki, einnig hafi stefnandi hitt mállausu stúlkuna. Lúðvík hafi talað eitthvað við hana á fingramáli. Stefnandi kvaðst kannast við mállausu stúlkuna og stundum hafa gefið henni vínglas, en aldrei hafa gert henni neitt. Í skýrslu þessari er tekið fram, að það, sem stefnandi hafi áður verið yfirheyrður um, sé í mörgum smáatriðum alrangt, ekki síst, þar sem ruglað sé saman dögum. Stefnandi hafi farið í leigubíl heim til sín með þeim H og Lúðvík, bróður sínum. Lúðvík hafi farið þaðan eftir skamma viðdvöl, en H hafi fengið að sofa heima hjá stefnanda. Um nóttina hringdi konan R í stefnanda, og fór stefnandi til hennar og dvaldi hjá henni til

morguns. Um morguninn fór stefnandi heim til sín og fór þaðan með H heim til hennar, en hún hafði ætlað að fara með stefnanda til Bolungarvíkur til þess að vinna þar. Á síðustu stundu hafi H hætt við að fara. Ekki hafi verið flogið til Ísafjarðar þennan dag. Á sunnudagskvöld hafi stefnandi hitt H á Hótel Esju. Í þessari skýrslu er stefnandi enn að rugla dagsetningum og talar um laugardaginn 28. nóv., sem mun víst eiga að vera 28. okt.

Við yfirheyrslu 29. nóv. 1978 kvaðst bróðir stefnanda, Lúðvík Magnússon, ekki hafa farið með mállausu stúlkunni út úr veitingahúsinu og ekki hafa hitt hana fyrir utan húsið eftir dansleikinn. Að öðru leyti var framburður Lúðvíks mjög á sömu leið og framburður hans daginn áður.

Við yfirheyrslu 29. nóv. 1978 bar konan F, að hún hafi farið með stefnanda í Glæsibæ 27. okt. 1978. Að loknum dansleik hafi hún farið heim með stefnanda að Laugateigi 39 og með þeim hafi farið stúlka, sem kölluð sé Z.

Við yfirheyrslu 1. des. 1978 kvaðst stefnandi ekki muna, hvernig það atvikaðist, að hann hitti mállausu stúlkuna fyrir utan húsið, en taldi að Lúðvík hafi verið við hlið hennar og sennilega stúlkan H líka. Stefnandi kvaðst muna þetta mjög illa. Hann hafi gengið norður eftir planinu og síðan austur með Glæsibæ og tekið leigubíl og farið heim. Með honum hafi verið Lúðvík og stúlkan H, en stefnandi mundi ekki eða vissi ekki, hvað hafði orðið um mállausu stúlkuna, eftir að hann hitti hana á planinu. Síðar í yfirheyrslu þessari kvaðst stefnandi ekki vera viss um, að stúlkan H og Lúðvík hafi komið með sér í leigubílnum. Þau hafi komið heim til hans um nóttina, en stefnandi var ekki viss um, hvernig það hafi atvikast. Stefnandi kvaðst hafa verið lítills háttar undir áhrifum áfengis umrætt sinn. H hafi sofíð heima hjá stefnanda um nóttina, en Lúðvík farið heim um kl. 4 til 5. Skömmu eftir að Lúðvík fór frá honum, hafi R hringt í stefnanda og hann farið til hennar um kl. 5 til 6. Stefnandi neitaði því að hafa snert mállausu stúlkuna.

2. des. 1978 bar stefnandi, að hann hafi farið úr Glæsibæ með stúlkunni H, en orðið viðskila við hana og Lúðvík. Stefnandi hafi hitt mállausu stúlkuna á planinu fyrir framan bifreið með í númeri. Þar hafi verið fleira fólk. Mállausa stúlkan hafi sest fram í bifreiðina, stefnandi hafi setið aftur í bifreiðinni og tveir aðrir karlmenn. Stefnandi vissi ekki, hvaða menn þetta voru. Stefnanda hafi verið ekið beint heim og þá hafi mállausa stúlkan verið í bifreiðinni.

Við yfirheyrslu 4. des. 1978 bar stúlkan H, að stefnandi hafi laugardaginn 28. okt. lagað útidyrakarm á íbúð hennar og farið frá heimili hennar um kl. 20 til 21 um kvöldið. Um kvöldið hafi H farið í Skipphól í Hafnarfirði. Um kl. 4 um nóttina hringdi H í stefnanda og spurði, hvort hún

mætti ekki koma til hans. Þá hafi stefnandi sagt, að bróðir hans væri hjá honum. H fór í leigubíl heim til stefnanda og borgaði bróðir stefnanda bílinn. Þau hafi síðan setið saman og drukkið, en stefnandi verið lítið undir áfengisáhrifum. H sofnaði í sófanum í herbergi stefnanda og vaknaði um kl. 10 um morguninn og þá hafi stefnandi verið að koma heim. H hitti stefnanda á sunnudagskvöld á Hótel Esju.

Við yfirheyrslu saman dag bar stúlkan R, að hún héldi, að klukkan hafi verið 2 um nóttina, þegar stefnandi hringdi til hennar, og á meðan þau töluðu saman, hafi verið bankað á gluggann hjá honum og hafi hann beðið sig að biða í símanum, þar sem hann ætlaði að opna fyrir Lúlla. Síðan hafi þau stefnandi talað aftur saman og hafi þá verið hjá stefnanda Lúðvík, bróðir hans, og einhver kvenmaður. R kvaðst hafa hringt í stefnanda og spurt, hvort hann ætlaði að koma eða ekki, og hafi hann sagst ætla að koma, en ekki vita, hvort hann ætti að skilja Lúðvík og kvenmanninn eftir í herberginu. Klukkan hafi verið orðin 4 eða 0430, þegar stefnandi kom til hennar. R taldi líklegt, að stefnandi hafi verið undir áfengisáhrifum. R gat ekki merkt, að stefnandi væri neitt öðru vísi en hann er vanur að vera. R og stefnandi vöknudú kl. 10 um morguninn, og þá fór stefnandi heim til sín.

Við yfirheyrslu 5. des. 1978 sagðist stefnandi hafa hitt mállausu stúlkuna á planinu og farið með henni inn í einhvern bíl, sem hafi verið við húsið. Í bílnum hafi verið 2 aðrir menn, sem stefnandi vissi ekki, hverjir væru. Stefnandi hafi verið ekið beint heim og þau þrjú orðið eftir í bílnum. Þetta hafi verið frekar stór bíll með Í númeri og fyrstu stafirnir verið 20.

Við yfirheyrslu síðar sama dag bar stefnandi, að hann hafi hitt Daniel Danielsson og bróður hans Kristján um kvöldið, annað hvort inni í Glæsibæ eða fyrir utan. Stefnandi kvaðst hafa verið um kvöldið með Lúðvík, bróður sínum, en hafa orðið viðskila við hann. Lúðvík hafi ekki farið inn í bílinn, sem stefnandi fór í eftir dansleikinn í Glæsibæ. Stefnandi kvaðst aðspurður hafa hitt Garðar Jónsson í Glæsibæ um kvöldið. Garðar hafi verið með Daniel og Kristjáni. Stefnandi hafi verið að tala við Garðar fyrir utan Glæsibæ og hafi Lúðvík farið í burtu, er stefnandi talaði við Garðar. Mállausa stúlkan hafi staðið hjá þeim stefnanda og Garðari. Garðar hafi verið í bláum jakkafötum. Bíllinn, sem stefnandi fór í, hafi ekki verið með Í númeri. Stefnandi kvaðst nú muna að hafa setið við hliðina á Garðari í grænum bíl og hafi þeir verið að rifast í aftursætinu, en Daniel hafi ekið bílnum. Bílnúmerið sé D 165 og eigi Kristján bílinn. Mállausa stúlkan hafi setið í framsætinu við hliðina á Daniel. Stefnandi vissi ekki til, að stúlkunni hafi verið gert nokkurt mein áður eða eftir að hún kom í bílinn. Stefnandi kvaðst muna eftir að hafa farið út úr bifreiðinni D 165 heima hjá sér. Þá

hafi verið eftir í bilnum Daníel, mállausa stúlkan og Garðar, en stefnandi var ekki viss um, að Kristján hafi verið þar líka.

Við yfirheyrslu 5. des. 1978 bar Kristján Einar Einarsson, að hann hafi hitt stefnanda helgina eftir 28. okt. í Glæsibæ og hafi það verið á laugardegi. Stefnandi hafi verið með konu á barnum fyrir innan danssalinn, önnur kona hafi verið við borðið. Þetta hafi verið um það bil sem dansleiknum var að ljúka og hafi Kristján stoppað hjá þessu fólki, kannski tíu mínútur, og lauk dansleiknum á meðan. Kristján kvaðst hafa séð stefnanda aftur í Glæsibæ 25. nóv. sl. og þá hafi hann setið á fremri barnum og hjá honum hafi Garðar Jónsson setið og einhver stúlka. Kristján mundi ekki eftir að hafa hitt Daníel, bróður sinn, á skemmtistað síðan í vor. Kristján kvaðst aldrei hafa hitt mállausa konu. Aðfaranótt 29. okt. kvaðst Kristján hafa landað afla úr bát sínum í Sandgerðishöfn. Að lokinni löndun hafi hann farið á bátnum til Reykjavíkur og komið þangað um fjögurleytið um nóttina. Það muni hafa verið helgina eftir þetta sem Kristján hitti stefnanda í fyrra skiptið.

Við yfirheyrslu 5. des. 1978 bar Garðar Jónsson, að hann hafi síðast hitt stefnanda á dansleik í Glæsibæ 25. nóv. Hann hafi ekki talað við stefnanda, aðeins heilsað honum. Erlingur, bróðir stefnanda, hafi verið á staðnum. Garðar kvaðst ekki muna eftir að hafa hitt stefnanda síðan í vor nema 25. nóv. Garðar taldi sig hafa farið í Ingólfskaffi 28. okt. Garðar sagði, að vel gæti verið, að hann hafi farið í Glæsibæ eftir að hafa verið í Ingólfskaffi, en kvaðst ekki vilja neitt um það fullyrða. Hann taldi, að hann hafi verið í Glæsibæ á sunnudagskvöldi 29. okt. og hafi hann þá hitt Daníel Einarsson og hafi þeir talað saman. Garðar kvaðst ekki muna eftir að hafa hitt stefnanda helgina 29. okt. Garðar kvaðst muna eftir, að stefnandi hafi sagt við sig, sennilega í vor sl., að hann hafi verið að sækja um vinnu eða ákveðið verk fyrir vestan, en ekki fengið. Garðar kvaðst síðast hafa komið upp í bifreið Daniels í ágúst sl. vestur í Dölum.

6. des. 1978 sagði Rögnvaldur Sigurðsson, að hann og Kristján Einarsson hafi farið á bátnum Skúm til Reykjavíkur eftir löndun laugardagskvöldið 28. okt. og hafi þeir komið til Reykjavíkur á milli kl. 3 og 4 um nóttina.

Við yfirheyrslu 6. des. 1978 sagðist stefnandi ekki geta sagt með neinni vissu, hvað hafi gerst aðfaranótt 29. okt. Hann dró til baka, að hann hafi farið í bifreið með Daníel, Garðari og Kristjáni, eftir að dansleik lauk í Glæsibæ. Hann kvaðst muna eftir að hafa farið inn í fimm manna bifreið fyrir utan Glæsibæ og heim til sín. Stefnandi kvaðst muna eftir að hafa staðið á planinu við hlið mállausu stúlkunnar og eitthvað verið að tala við hana, en ekkert muna frekar, hvað hafi gerst. Hann væri saklaus af því að hafa beitt hana harðræði eða hafa haft við hana kynmök.

Við yfirheyrslu 6. des. 1978 kvaðst Lúðvík Magnússon hafa farið úr Glæsibæ, þegar ljósin voru kveikt í salnum, og hafi hann beðið fyrir utan og fylgst með manni, sem heiti Bragi Guðjónsson. Hann hafi farið einn út og hvorki séð stefnanda né mállausu stúlkuna. Lúðvík mundi ekki eftir að hafa séð mállausu stúlkuna fyrir utan Glæsibæ. Um það bil hálf tíma eftir að dansleiknum lauk, kvaðst Lúðvík hafa farið í leigubíl heim til stefnanda og hafi stefnandi verið í símanum og skömmu síðar hafi stúlka komið þangað. Seinna hafi stúlkan R sagt sér, að hún hafi hringt í stefnanda aðfaranótt 29. okt. og hafi hún verið í símanum, þegar hann hafi komið á gluggann hjá stefnanda, og hafi stefnandi sagt við hana, „bíddu á meðan ég hleypi honum Lúlla inn“. Lúðvík kvaðst hvorki hafa hitt né séð mállausu stúlkuna eða stefnanda, eftir að hann kom út úr Glæsibæ.

Við yfirheyrslu 8. des. 1978 bar stúlkan S, að hún myndi vel eftir því að hafa setið hjá stefnanda og hafi hann sagt, „þetta er bróði minn“, og bent á mann, sem sat við hlið stefnanda. Bróðirinn hafi eitthvað verið að reyna að tala fingramál við sig, en honum hafi ekki tekist það vel. Stefnandi hafi verið mjög almennilegur. Hún mundi ekki eftir, þegar hún fór út úr Glæsibæ. Hún muni aðeins, að tveir menn hafi tekið undir handleggi hennar og togað hana áfram, hún barist á móti. Hún treysti sér ekki til að lýsa þessum mönnum, nema að þeir hafi verið á milli 40 og 50 ára. Annar þeirra hafi verið með steinhring á löngutöng annarrar handar og sá slegið hana á munninn, þannig að hún hafi hlotið áverka af.

Við yfirheyrslu 8. des. 1978 bar Guðrún Laxdal, starfsstúlka í fatageymslu Glæsibæjar, að hún myndi eftir mállausu stúlkunni og hafi hún komið í fatageymsluna og sótt úlpu, hún hafi verið mjög áberandi ölvuð, og kvaðst Guðrún aldrei hafa séð S svona ölvada áður. Með S hafi verið ruddalegur karlmaður, hann hafi þrifið í vinstri handlegg stúlkunnar og togað hana út úr húsinu. Maðurinn hafi verið í ljósum jakkafötum, að Guðrúnu fannst. Guðrún kvaðst ekki hafa séð þennan mann í Glæsibæ eftir þetta. Þetta hafi verið rétt rúmlega hálf tvö.

Stefnandi var yfirheyrður hér fyrir dómi 2. maí sl. Fram kom hjá stefnanda við yfirheyrslu þessa, að hann hafi verið ákaflega miður sín, þegar hann var handtekinn og hafi hann haldið, að eitthvað hafi komið fyrir börn sín. Lögreglumennirnir frá Ísafirði hafi verið almennilegir og kurteisir í besta lagi, en samt hafi þetta fengið mikið á stefnanda, einmitt vegna þess að hann vissi ekki, fyrir hvað var verið að taka hann. Við yfirheyrslu á Ísafirði var stefnanda sagt, hver ástæðan væri fyrir handtökunni.

Stefnanda fannst það hafa slæm áhrif á sig að vera í klefa í Síðumúla-fangelsi, það hafi verið mikið suð í lofthitunartækjum og hafi stefnanda ekki liðið vel þarna. Ekkert hafi verið hægt að finna að framkomu rannsóknaraðiljanna.

Stefnandi kvaðst vera furðanlega hraustur, þá er hann mætti til yfirheyrslunnar, en eftir að hann var leystur úr fangelsi, hafi hann fundið, að hann var ekki heill, og áður en hann fór að vinna aftur, fór hann til síns heimilislæknis, sem ekki taldi ástæðu til þess, að stefnandi færi í rannsókn. Mánuði eftir að stefnandi fór vestur aftur, hafi hann dottið niður eins og skotinn. Hann hafi misst allan mátt í öðrum fætinum og verið látinn í rannsókn, fyrst á sjúkrahúsið á Ísafirði um það bil 4 daga og síðan á sjúkrahús í Reykjavík í 6 daga.

Stefnandi hafði vikukaup við vinnu sína í Bolungarvík og kvaðst hafa verið launalaus, þegar hann var í fangelsi og þar til hann kom aftur til starfa eftir áramót. Einnig var stefnandi launalaus þann tíma, sem hann var í rannsókn, og kvaðst hann ekki hafa notið sjúkradagpeninga.

Stefnandi taldi sig hafa misst af verkefni vegna handtökunnar, en hann hélt þeirri vinnu, sem hann hafði fyrir handtökuna.

Á dskj. 11 er vottorð Jens Gunnlaugssonar læknis, dags. 6. maí sl. Í vottorði þessu segir, að stefnandi hafi veikt skyndilega 12. mars 1979 og hafi hann þá verið lagður inn á sjúkrahúsið á Ísafirði og síðan hafi hann verið í rannsókn á Landspítalanum 30. mars til 6. apríl 1979.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að ljóst sé, að stefnandi hafi ekki valdið þeim aðgerðum, sem réttlæti þá fyrirvaralaus handtöku, sem stefnandi varð fyrir, sbr. 150. gr., 1. tl., laga 74/1974. Það sé ljóst, að engin lögmæt skilyrði hafi verið til staðar til að handtaka stefnanda. Handtakan hafi verið gerð á mjög svo særandi og móðgandi hátt og á hann borinn mjög viðbjóðslegur glæpur, þ. e. að misþyrma og nauðga mállausri stúlku. Stefnandi eigi því fullan rétt á bótum, sbr. 150. gr. laga 74/1974 svo og 152. gr. sömu laga.

Handtakan hafi verið þannig framkvæmd, að allir, sem um hana hafi vitað, hafi hlotið að álíta, að þarna væri búið að ná í glæpamanninn. Það sé og ljóst, að öllum eða flestum í Bolungarvík og Ísafirði hafi verið kunnugt um handtökuna og hver var handtekinn. Í fámennu byggðarlagi eins og Bolungarvík fari frétt eins og þessi eins og eldur í sinu og hvert mannsbarn þar hafi vitað um þetta, enda hafi hér verið um að ræða byggingameistara hjá stóru fyrirtæki. Síðan hafi stefnandi verið fluttur undir strangri löggæslu með flugvél til Reykjavíkur, sem hafi auk þess verið full af farþegum. Síðan hafi verið birt viðtal við Arnar Guðmundsson, deildarstjóra hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, í Morgunblaðinu 1. des. 1978. Frétt um þessa handtöku hafi og verið birt í Dagblaðinu sama dag og ef til vill í fleiri blöðum.

Tekið er fram, að stefnandi sé fimm barna faðir, hafi haft yfir mönnum

að sjá og hafi handtaka þessi og sá grunur, sem á stefnanda hafi verið lagður við handtökuna, á meðan á yfirheyrslum stóð, gæsluvarðhaldið svo og langur tími á eftir valdið stefnanda miklum hugarraunum og finnist honum, að menn líti á hann grunsemdaraugum enn, þegar mál þetta var höfðað.

Áhrifin af yfirheyrslunum og þeim viðbjóði, sem á stefnanda var borinn, hafi farið mjög í stefnanda og hann fengið höfuðverk, sem hafi farið stöðugt vaxandi, og hafi hann fengið lömum og verið lagður inn á sjúkrahús sl. vetur af þeim sökum. Stefnandi vill meina, að hann hafi ekki þolað það sálræna álag, sem á hann var lagt.

Fjárhæð bótakröfu stefnanda sé miðuð við bætur, sem dæmdar voru á bæjarþingi Reykjavíkur 3. júní 1969, en dóm þann sé að finna í 40. bindi Hæstaréttardóma, bls. 1467, uppfærð til verðlags í dag. Í þeim dómi hafi verið fundin smásök hjá stefnanda, sem hafi eflaust valdið lækkun bóta. Í þessu máli sé hins vegar engin sök hjá stefnanda.

Stefnandi hafi orðið fyrir verulegu atvinnutjóni vegna gæsluvarðhaldsins, ekki aðeins á meðan að á því stóð, heldur eftir það og meira að segja löngu eftir að honum var sleppt úr gæslu. Sé það vegna þess gruns, sem á honum liggi. Sé stefnanda því mikil nauðsyn að fá dóm í þessu máli sem allra fyrst.

Af hálfu stefndu er því haldið fram, að játning hins ákærða hafi ekki getað verið lokapáttur rannsóknarinnar. Hitt sé sönnu nær, að rannsóknin hafi rétt verið að hefjast og hafi játningin varpað takmörkuðu ljósi á það, sem raunverulega kunni að hafa hent hina mállausu konu aðfaranótt 29. október 1978. Framburðir bæði konunnar sjálfrar og fjölmargra annarra hafi bent mjög eindregið og með vaxandi þunga til þess, að stefnandi þessa máls hefði ásamt öðrum haft umtalsverð samskipti við hana þessa nótt og jafnvel ekki aðeins í allra auglýn innan dyra í Glæsibæ.

Hinn 28. nóvember 1978 hafi verið svo komið, að rannsóknarlögregla ríkisins hafi talið, að ekki yrði umflúið að hefta frelsi nokkurra manna í þágu rannsóknar málsins. Stefnandi hafi þá verið handtekinn við vinnu sína í Bolungarvík og fluttur til Ísafjarðar til yfirheyrslu. Þar hafi hann í sakadómi Ísafjarðar 29. nóvember verið úrskurðaður í 10 daga gæsluvarðhald. Forsendur úrskurðarins hafi verið þær, að sterkar líkur hefðu komið fram um það, að stefnandi hefði átt þátt í nauðgunar- og líkamsmeiðingarbrotum gegn konunni S aðfaranótt 29. okt. 1978, hann orðið margsaga um ferðir sínar þessa nótt og ekki hefði verið unnt að hafa upp á vitnum, sem gætu sannreynt atriði í framburði hans.

Bótaskilyrði skv. XVIII. kafla laga nr. 74/1974 séu ekki fyrir hendi í máli þessu. Það sé lögbundið skilyrði bóta, að fremur megi telja sakaðan mann vera sýknan af hinni saknæmu háttsemi en sekan. Því sé viðs fjarri, að sú sé raunin um stefnanda þessa máls.

Því er mótmælt sem tilhæfulausu, að handtaka stefnanda hafi farið fram á mjög svo særandi og móðgandi hátt. Ekkert sé fram komið um það, að réttara hefði verið að haga henni með einhverjum öðrum hætti, enda hljóti slík aðgerð og eftirmál hennar ævinlega að vekja nokkra eftirtekt.

Fullyrðingum stefnanda um heilsubrest og atvinnutjón vegna gæsluvarðhaldsins er andmælt sem röngum og ósönnuðum.

Verði aðalkrafa stefndu ekki tekin til greina, er fjárhæð bótakröfu stefnanda sérstaklega mótmælt sem alltof hárrí og ekki í nokkru samræmi við dómvenjur. Samanburður stefnanda við dóm bæjarþings Reykjavíkur frá 3. júní 1969 sé illa til fundinn, bæði efnislega og vegna hins, að í dómi Hæstaréttar hafi bótafjárhæð héraðsdóms verið skorin niður um helming, sbr. 40. bindi dómasafns Hæstaréttar, bls. 1452. Þá er kröfum stefnanda um bætur vegna atvinnutjóns mótmælt sem alls ósönnuðum og órökstuddum.

Vakin er athygli á því, að lögmaður stefnanda viðurkenni bæði í bréfum sínum til rannsóknarlögreglu ríkisins á dskj. 5 og 6 svo og í greinargerð á dskj. 2, að ekki sé unnt að átta sig á, hvaða bótakröfur eigi að gera, nema hafa fyrst kynnt sér rannsóknargögn. Þau hafi hann ekki séð, er stefnt var í málinu. Það megi því ljóst vera, að bótakröfur séu settar fram af fyrirhyggjuleysi og í blóra við staðreyndir, enda komi það glögglega fram, þegar rannsóknargögnin á dskj. 10 séu skoðuð.

Álit dómsins.

Við dómtöku máls þessa var því fyrst lýst yfir, að rannsókn máls þess, sem varð tilefni frelsissviptingar stefnanda, væri lokið, og standa því ákvæði 157. gr. laga nr. 74/1974 því ekki í gegn, að stefnanda verði dæmdar bætur.

Þegar litið er til þess, sem að framan hefur verið rakið úr rannsóknargögnum, sérstaklega þess, sem rakið hefur verið úr framburði stefnanda 28. og 29. nóv. 1978, svo og þess, hvers konar mál var verið að rannsaka, þá verður að telja gæsluvarðhald stefnanda eðlilegt og það löglegt, sbr. 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Þegar litið er til framburðar stefnanda hér fyrir dómi, verður ekki á þá skoðun fallist, að handtakan hafi verið framkvæmd á særandi eða móðgandi hátt.

Þegar framburður stefnanda er virtur í heild og það haft í huga, að stefnandi virðist venja komur sínar í veitingahúsið Glæsibæ um helgar, verður ekki talið, að stefnandi hafi viljandi sagt ósatt um ferðir sínar aðfaranótt 29. okt. 1978, heldur hafi hann ruglað saman helgum og ekki munað glöggt atburði þessarar nætur. Teljast því skilyrði 1. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974 ekki standa því í gegn, að stefnanda verði dæmdar bætur.

Þar sem rannsókn málsins er lokið, er uppfyllt annað skilyrði 2. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974. Hitt skilyrði sömu greinar er, að fremur megi telja stefnanda vera sýknan en sekan af því að hafa nauðgað og valdið stúlkunni S líkamsmeiðingum aðfaranótt 29. okt. 1978.

Pegar til þess er litið, sem að framan hefur verið rakið úr framburði stúlkunnar S, sérstaklega framburði 8. des. 1978, framburði stefnanda, bróður hans Lúðvika 28. nóv. 1978, vitnisins R 28. nóv. og 4. des. 1978 og vitnisins H 4. des. 1978, verður að telja líklegt, að stefnandi sé sýkn af háttsemi þessari. Stefnandi uppfyllir því skilyrði 2. tl. 150. gr. laga nr. 74/1974, og verða honum því dæmdar bætur fyrir gæsluvarðhald að ósekju.

Við ákvörðun bótafjárhæðarinnar þykir verða að hafa í huga, að það, hve stefnandi var margsaga og framburður hans ruglingslegur, virðist hafa gert rannsókn málsins umfangsmeiri og um leið hafa valdið því í upphafi, að stefnandi var úrskurðaður í gæsluvarðhald, og svo það, hve gæsluvarðhaldsvistin varð löng.

Stefnandi hefur ekki sundurliðað bótakröfu sína, en eins og málið liggur fyrir, er ósannað, að stefnandi hafi beðið heilsutjón af gæsluvarðhaldsvistinni.

Eftir atvikum þykja bætur til stefnanda fyrir atvinnutjón og miska hæfilega ákveðnar kr. 500.000. Þá fjárhæð greiði ríkissjóður stefnanda með 16% ársvöxtum frá 8. des. 1978 til 21. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. sept. 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. des. 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 13. des. 1979, sem er þingfestingardagur málsins, enda verður ekki séð, hvaða dag stefnan var birt, sbr. 1. gr. laga nr. 56/1979. Frá 13. des. 1979 ákveðast vextir 43.5% ársvextir til 1. júní 1980, en 46% ársvextir frá þeim degi til dómsuppsögu og síðan með hæstu leyfilegu innlánsvöxtum.

Þá ber að dæma stefnanda málskostnað úr ríkissjóði samkvæmt 3. tl. 154. gr. laga nr. 74/1974. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 213.600. Þar af hljóti talsmaður stefnanda, Jóhann Þórðarson héraðsdómslögmaður, kr. 205.000.

Uppsaga dómsins hefur dregist vegna mikilla anna dómarans, sem var Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, ríkissjóður, greiði stefnanda, Hákonni Magnúsi Magnússyni, kr. 500.000 með 16% ársvöxtum frá 8. des. 1978 til 21. febrúar 1979, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. sept. 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. des. 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 13. des. 1979, 43.5% ársvöxtum frá

þeim degi til 1. júní 1980 og 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags. Málskostnaður stefnanda, kr. 213.600, greiðist einnig úr ríkissjóði, þar með talin laun lögmanns stefnanda, Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, kr. 205.000.

Fimmtudaginn 28. apríl 1983.

Nr. 77/1983. **Júdódeild Ármanns**

gegn

Lofti Himari Jónssyni.

Kærumál. Synjað um framlagningu skjala.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson og Magnús Thoroddsen og Guðmundur Skaftason, settur hæstaréttardomari.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru, dagsettri 22. mars 1983. Hann kærir með heimild í f lið 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands úrskurð, uppkveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 16. mars 1983 í bæjarþingsmálinu nr. 5641/1979: Loftur Hilmar Jónsson gegn Júdódeild Ármanns.

Með úrskurði þessum var synjað kröfu Júdódeildar Ármanns um framlagningu tveggja skjala, í fyrsta laga greiðslukvittunar Iðnaðarbanka Íslands h/f að fjárhæð 3.080.35 krónur, dags. 15. mars 1983, vegna greiðslu veskuldabréfs, sem tryggt er með 1. veðrétti í Álftamýri 56, Reykjavík, og í öðru lagi framlagningu veskuldabréfs, útg. 23. desember 1974 af Lofti Hilmar Jónssyni að fjárhæð 500.000 gamlar krónur, sem kvittað var og afhent til aflýsingar af Iðnaðarbanka Íslands h/f 15. mars 1983.

Kærumál þetta barst Hæstarétti 11. apríl 1983.

Kröfur sóknaraðilja, Júdódeildar Ármanns, fyrir Hæstarétti eru þær, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og breytt á þann veg,